

Aðalfundur Félags íslenskra náttúrufræðinga

Fimmtudaginn 22.mars 2018, kl. 15:00-18:00, Grand Hótel, Hvammi, 1.hæð

Fundarstjóri: Páll Halldórsson

Fundarritari: Rakel Júlía Sigursteinsdóttir

Dagskrá:

1. **Formaður flytur skýrslu stjórnar.**
2. **Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun stjórnar félagsins.**
3. **Tillögur um lagabreytingar.**
4. **Ákvörðun um félagsgjöld.**
5. **Stjórnarkjör.**
6. **Kosning skoðunarmanna reikninga.**
7. **Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.**
8. **Kosning siðanefndar.**
9. **Önnur mál.**

Efni dreift/sýnt á fundi:

- | | |
|---------------------|---------------------------------------------|
| <i>Fylgiskjal 1</i> | <i>Fréttabréf mars 2018 - Aðalfundarboð</i> |
| <i>Fylgiskjal 2</i> | <i>Ársreikningu FÍN</i> |
| <i>Fylgiskjal 3</i> | <i>Ársreikningur Kjaradeilusjóðs</i> |
| <i>Fylgiskjal 4</i> | <i>Skýrsla stjórnar</i> |

Fundarsetning: Maríanna H. Helgadóttir, formaður FÍN setti fund og lagði fram tillögur að fundarstjóra og ritara fundarins. Páll Halldórsson samþykktur sem fundarstjóri og Rakel Júlía Sigursteinsdóttir samþykkt sem fundarritari.

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar.

Formaður kynnir stjórn starfsársins og stiklar á helstu verkefnum hennar. Farið var yfir fjölgun félagsmanna og störf félagsins á árinu. Helst ber að nefna nemaaðild, FÍNN, sem komið var á fót á árinu, félagsfundinn sem haldinn var vegna kjarasamninga við Ríkið, vinnustaðafundi, starfsdag trúnaðarmanna, kröfugerðarvinnu, nýjan kjarasamning við Ríkið, samning allra aðildarfélaga BHM við SA sem var undirritaður í október 2017, átta stofnanasamninga sem samþykktir voru á starfsárinu og dómsmál sem félagið ætlar að fara í árið 2018 vegna menntunarákvæða gerðardóms.

Starfsmenn skrifstofunnar FÍN eru nú tveir starfsmenn starfandi í 100% stöðu. Leitað er eftir verkefnastjóra til að létta undir. Nýtt málaskrákerfi var tekið í notkun á skrifstofunni á árinu,

Manor. Það gætir gagna félagsins m.t.t. nýrra laga um persónuvernd. Orlofshúsarekstri var hætt á árinu eftir niðurstöðu síðasta aðalfundar og hús FÍN við Fullsæl selt.

Af vettvangi BHM ber helst að nefna að komið er nýtt þjónustuver sem sér um alla þjónustu fyrir sjóði BHM. BHM sótti um og fékk samþykka aðild að Norræna verkalýðssambandinu. Mikil ánægja er með þá aðild.

2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun stjórnar félagsins.

Sigrún Ösp, framkvæmdarstjóri FÍN, lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og sjóða þess. Ársreikningar FÍN voru lagðir fram. Ársreikningar Kjaradeilusjóð voru lagðir fram.

Opnað var fyrir fyrirspurnir og umræður. Spurt var um launakjör starfsmanna FÍN. Svarað var: Laun framkvæmdarstjóra og formanns eru í samræmi við laun annarra formanna og framkvæmdarstjóra annarra félaga innan BHM. Framkvæmdarstjórn ákveður launin á 2ja ára fresti. Einnig var spurt hvort það væri almenn regla að launin fylgi BHM. Svareið var: Það er þannig hjá stærri félögum. Það þyrfti að vera kjararáð sem ákveður launin innan BHM til að fara eftir hverju sinni. Litlu félögin hafa t.d. ekki tök á að greiða laun til formanns. Stjórn getur tekið afstöðu, opnað á þetta eftir kosningu formanns. Reglur stjórnar kveða á um að endurskoða launin.

Afgreiðsla:

Reikningur félagsins samþykktur samhljóða. Reikningur Kjaradeilusjóðsins samþykktur samhljóða.

3. Tillögur um lagabreytingar.

Sjá texta fyrir og eftir í Fréttabréfi FÍN mars 2018.

2.gr. Hlutverk

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5.gr. Aðalfundur

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

6.gr. Stjórn og framkvæmdastjórn

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

8.gr. Reikningsár

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

12.gr. Bandalag háskólamanna

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

13.gr. Kröfugerð

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

14.gr. Kjarasamningar

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

18.gr. Gildistími

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Lögin breytt og samþykkt samhljóða.

Tillögur að breytingum á reglum Kjaradeilusjóðs FÍN. Sjá texta fyrir og eftir í Fréttabréfi FÍN mars 2018.

3.gr.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

4.gr.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

6.gr.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

7.gr.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

8.gr.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Lögin breytt og samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um félagsgjöld.

Var:

Félagsgjald FÍN skal vera 0,7% af heildarlaunum, þó aldrei hærra en 7000 kr. á mánuði.

Verður:

Félagsgjald FÍN skal vera 0,7% af heildarlaunum.

Opnað var fyrir fyrirspurnir og umræður. Spurt var hver væri þörfin fyrir þessari breytingu, að afnema þakið. Svárað var: Þakið veldur vandræðum, Fjársýsla ríkisins getur ekki innleitt

Aðalfundur FÍN 22. mars 2018

hjá sér að hafa þakið og því hefur félagið þurft að endurgreiða þeim sem sóttu eftir því. Félagsgjöldin hafa verið innheimt með flóknari leiðum undanfarin ár. Síðasta breytingin var að allir greiddu sama hlutfall en aldrei meira en 7000 þús. Endurgreiðslan er flókin í framkvæmd. Búið er að skoða fleiri vinkla. Með þessu dreifist gjaldið yfir árið. Einnig var spurt hvort það hafi verið skoðað hvaða hópar myndu þá greiða meira og hve mikið það yrði. Því var svarað að slíkt hafi ekki verið gert.

Umræða var í sal um það hvort það væri sanngjarnt að þeir sem fá föst há laun borgi hlutfall af heildarlaunum til jafns við þá sem fá há laun vegna mikillar vinnu. Tillaga úr sal að hafa sama félagsgjald jafnt á alla.

Þá var spurt hvort skoðað hafi verið hvað innkoman myndi hækka mikið við þetta. Því var svarað til að það hafi ekki verið gert en að innkoman sé ekki talin muni hækka að ráði, ekki margir félagsmenn með milljón og yfir í laun. Stjórnarmaður úr sal útskýrði líka að EY endurskoðun hafi mælt með því að afnema þakið því félagið gæti ekki verið með útistandandi endurgreiðslur.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri kynnti framboð. Engin móttillaga hafði borist félaginu vegna tillaga að stjórn og nefndum. Engin móttframboð bárust á fundinum.

Afgreiðsla: Tillögur að stjórn og nefndum lögð fyrir fund.

Stjórn til 2ja ára: Samþykkt. Fundarstjóri lýsir kjöri.

Formaður FÍN: Samþykkt. Fundarstjóri lýsir kjöri.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Liður felldur niður þar sem samþykkt var að taka út skoðunarmenn reikninga í lagabreytingum. Ekki talin þörf á skoðunarmönnum þar sem nú hefur verið fest í lög að reikningar félagsins skuli endurskoðaðir af löggildum endurskoðendum.

7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.

Fundarstjóri kynnti framboð. Engin móttframboð bárust á fundinum.

Afgreiðsla: Tillaga að stjórn lögð fyrir fund.

Stjórn Kjaradeilusjóðs: Samþykkt. Fundarstjóri lýsir kjöri.

8. Kosning siðanefndar.

Fundarstjóri kynnti framboð. Engin móttframboð bárust á fundinum.

Afgreiðsla: Tillaga að stjórn lögð fyrir fund.

Siðanefnd: Samþykkt. Fundarstjóri lýsir kjöri.

9. Önnur mál.



Aðalfundur FÍN 22. mars 2018

Formaður fór yfir stefnu félagsins 2018 – 2019. Sjá í fylgigögnum.

Opnað var fyrir umræður. Spurt var um „Mínar síður“. Svarað var: Mínar síður FÍN er tengdar Mínum síðum BHM. Tengt hverjum félagsmanni. Spurning um samskiptagátt til að fækka tölvupóstunum. Samnýta síðu BHM.

Fráfarandi stjórnarmönnum þakkað fyrir störf í þágu félagsins og leystir út með gjöfum.

Formaður þakkar góðan fund og slítur fundi kl 17:06.